

ekki sýnt næga aðgát í akstri með því að stöðva ekki fyrir bifreið, sem kom honum á hægri (sic) hönd. Er háttsemi ákærða rétt lýst í ákæru og telst varða við 3. mgr. i. f. 46. gr. umferðarlaga nr. 26/1958. Þykir þetta sérstaka ákvæði tæma sök ákærða, og verður hann því sýknaður af brotum gegn 1. mgr. 26. og 1. mgr. 37. gr. sömu laga.

Refsing ákærða samkvæmt 80. gr. umferðarlaga þykir eftir atvikum hæfilega ákveðin 2.000.00 króna sekt til ríkissjóðs, en vararefsing varðhald 3 daga, verði sektin eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins.

Dæma ber ákærða til að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlauð skipaðs verjanda síns, Guðmundar Péturssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 3.000.00.

Dómsorð:

Ákærði, Helgi Guðjón Samúelsson, greiði 2.000.00 króna sekt til ríkissjóðs, en sæti varðhaldi 3 daga, verði sektin eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlauð skipaðs verjanda síns, Guðmundar Péturssonar hæstaréttarlögmanns, krónur 3.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 9. desember 1966.

Nr. 81/1966. **Björn Halldórsson** (Ragnar Ólafsson hrl.)

gegn

Jóel Sigurðssyni og gagnsök

(Ingi Ingimundarson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Líkamsáverkar. Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 23. maí 1966 og krafizt sýknu og málskostnaðar í héraði og hér fyrir dómi af gagnáfrýjanda. Gagnáfrýjandi

hefur fengið áfrýjunarleyfi 25. ágúst 1966 og áfrýjað málinu með stefnu sama dag. Hann krefst þess, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 86.033.00 ásamt 7% ársvöxtum frá 8. júní 1963 til 1. janúar 1965, 6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1966 og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Lagt hefur verið fram í Hæstarétti vottorð Páls Sigurðssonar tryggingayfirlæknis um gagnáfrýjanda, dags. 6. desember 1966, samkvæmt skoðun þann dag, og segir þar, að ástand hægri litla fingurs sé óbreytt, frá því að örorkumat fór fram hinn 16. nóvember 1964, aðgerð á fingrinum hafi ekki verið framkvæmd, gagnáfrýjandi telji óþægindi nokkru meiri en áður, einkum sæki þreyta í fingurinn og handarsvæðið ölnarmegin. Loks lýsir yfirlæknirinn því, að hann telji varanlega örorku vegna slyss gagnáfrýjanda 8. júní 1963 óbreytta og í samræmi við fyrra örorkumat, sem rakið er í héraðsdómi.

Þá hefur verið lögð fram skýrsla gagnáfrýjanda þess efnis, að hann hafi engar bætur fengið vegna slyssins, hvorki á vegum almannatrygginga né sjúkrasamlags.

Atvikum máls þessa er lýst skilmerkilega í héraðsdómi. Háttsemi aðaláfrýjanda í samkomuhúsinu Hlöðufelli hinn 8. júní 1963 var slík, að hún varðaði við 3. gr. sbr. 1. gr. og 1. mgr. 44. gr. lögreglusamþykktar fyrir Húsavíkurkaupstað nr. 222/1952 auk brots gegn áfengislögum, sem getið er í héraðsdómi. Aðaláfrýjandi lét eigi af ólögmætu háttarni sínu né hlýddi gagnáfrýjanda, sem annaðist löggæzlu í samkomuhúsinu, er gagnáfrýjandi áminnti hann, sbr. 10. gr. nefndrar lögreglusamþykktar. Þess í stað veittist aðaláfrýjandi að gagnáfrýjanda og sýndi síðan mótþróa og neytti afls gegn gagnáfrýjanda, er hann færði aðaláfrýjanda út úr samkomuhúsinu, svo sem rétt var og skylt vegna hegðunar hans. Varðaði þessi tálmun löggæzlastarfs við 2. mgr. 106. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Á hinn bóginn er eigi í ljós leitt, að gagnáfrýjandi hafi á nokkurn hátt orðið offari í löggæzlastarfa sínum gagnvart aðaláfrýjanda. Sam-

kvæmt þessu og að öðru leyti með skírskotun til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda málskostnað hér fyrir dómi, kr. 12.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Aðaláfrýjandi, Björn Halldórsson, greiði gagnáfrýjanda, Jóel Sigurðssyni, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 12.000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 6. apríl 1966.

Mál þetta, sem dómtekið var 17. marz 1966, hefur stefnandi, Jóel Sigurðsson lögregluþjónn, Garðsbraut 16, Húsavík, höfðað hér fyrir dóminum með stefnu, útgefinni 8. maí 1964, á hendur Birni Halldórssyni sjómanni, Rauðalæk 3, Reykjavík, til greiðslu skaðabóta að fjárhæð kr. 75.370.00 ásamt 7% ársvöxtum frá 8. júní 1963 til greiðsludags og til greiðslu málskostnaðar að skaðlausu að mati dómsins.

Stefndi krefst *aðallega* sýknu og að honum verði tildæmdur málskostnaður að mati réttarins. Til vara krefst hann lækkunar á kröfum stefnanda, skiptingar sakar og niðurfellingar málskostnaðar.

Við munnlegan flutning málsins hækkaði stefnandi kröfu sína með samþykki stefnda upp í kr. 86.033.00, þannig að atvinnutap vegna örorku verður kr. 42.983.00 í stað kr. 33.520.00 og við bætist kostnaður vegna endurútreiknings á örorkumati, kr. 1.200.00. Þá krefst hann 7% ársvaxta frá 8. júní 1963 til 1. janúar 1965, 6% ársvaxta frá þeim degi til 1. janúar 1966 og 7% ársvaxta frá þeim degi til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu að mati dómara.

Málavöxtum er þannig lýst í stefnu, að á dansleik 8. júní 1963 í samkomuhúsinu Hlöðufelli á Húsavík hafi stefndi verið með óspektir og hafi stefnandi, sem starfaði þar að löggæzlu, orðið að láta hann út úr húsinu með valdi. Við þau átök slitnaði réttisin

hægri litla fingurs, svo að hann hlaut af varanleg meiðsli, og er örorka hans metin um 2%.

Stefnandi skýrir svo frá atvikum í skýrslu til bæjarfógetans á Húsavík, dags. 8. júní 1963:

Laugardaginn 8. júní 1963 kveðst hann hafa verið við löggæzlu á dansleik í samkomuhúsinu Hlöðufelli á Húsavík. Um kl. 2300 veitti hann því athygli, að maður stóð uppi á borði inni í danssalnum. Maður þessi hafði verið uppi í svokallaðri baðstofu og farið yfir handriðið og stigið niður á borð, sem var þar undir. Ekki var maður þessi áberandi ölvaður og þrúðmannlegur að sjá. Stefnandi áminnti hann um að hegða sér vel, ef hann vildi vera áfram á dansleiknum. Litlu síðar var kvartað yfir því, að maður þessi, sem var stefndi í máli þessu, væri að ganga á stólum við borðin í danssalnum. Þegar stefnandi kom inn í danssalinn, sat maður þessi við eitt borðið og var rólegur. Skipti hann sér þá ekki af honum. Nokkru síðar var maður þessi kominn úr jakkanum, og fór þá umsjónarmaður hússins, Jón Jóhannesson, til hans og benti honum á, að ekki væri viðeigandi að vera á skyrtunni og bað hann að fara í jakkann.

Maðurinn kvað já við því, en bað umsjónarmanninn að færa sig í hann. Þegar umsjónarmaðurinn ætlaði að gera það, rétti maðurinn út stífa hægri höndina, svo að ekki var hægt að klæða hann í jakkann. Umsjónarmaðurinn bað þá stefnanda að fara og fá manninn til að fara í jakkann. Hann gekk þá til stefnda og bað hann að klæðast jakkanum. Það kvaðst hann gera, ef stefnandi hjálpaði honum til þess.

Þar sem stefnandi vildi komast hjá leiðindum, færði hann stefnda í jakkann. Var hann með smávegis þrjózku, og benti stefnandi honum á, að í raun og veru væri hann búinn að fyrirgera rétti sínum til að vera á skemmtuninni, en við það varð stefndi rólegur.

Þegar stefnandi gekk frá stefnda í þetta sinn, greip hann í axlir honum og sleit annan axlarskúfinn af. Stefnandi sneri þá við og ætlaði að færa stefnda með valdi út úr húsinu. Hann streittist á móti, og urðu talsverðar ryskingar, unz stefnandi gat komið stefnda út úr húsinu. Þegar hann var að setja stefnda út um útidyrnar, fann hann til sársauka í hægri hendi, og er hann var laus við stefnda, sá hann, að litli finger hægri handar lá máttlaus niður. Við læknisrannsókn kom í ljós, að um tauga- og sinaslit var að ræða. Í lok skýrslunnar tekur stefnandi fram, að stefndi hafi ekki verið áberandi ölvaður, en þó hægt að greina á

honum áfengisáhrif. Þann 23. okt. sama ár kemur stefnandi fyrir sakadóm Húsavíkur og staðfestir skýrslu þessa.

Þann 3. des. 1964 kemur stefnandi fyrir dóm á bæjarþingi Reykjavíkur og lýsir atburðum nokkru nánar en að framan greinir.

Frásögn hans af aðdraganda átakanna er samhljóða fyrri framburði. Eftir að stefndi hafði þrifið í öxl hans, kveðst hann hafa snúið sér að honum og sagt, „að þetta væri ekki hægt lengur“ og tekið um leið í hann. Stefndi veitti strax mótspyrnu, og urðu stymingar með þeim inni í danssalnum. Hann kveðst fyrst hafa lagt stefnda á gólfið, eftir að þeir höfðu tuskast dálítið. Hann hafi búizt við, að stefndi yrði þá rólegri, en hann hljóp upp aftur, og tókust þeir þá á að nýju. Kveðst stefnandi síðan hafa fært stefnda út úr húsinu, fyrst út um dyrnar á danssalnum, síðan niður tvo stiga, annan fjórar til fimm tröppur og hinn sex til sjö tröppur, og síðan út um útidyrnar.

Stefnandi kveðst fyrst hafa fundið til þess, að hann var meiddur í hendi, er þeir fóru í gegnum dyrnar á danssalnum. Hann kveður hinn lögregluþjóninn ekki hafa hjálpað sér við að láta stefnda út, því að hann hafi reynt að bægja öðru fólki frá, sérstaklega skipverjum af sama báti og stefndi var á. Hann segir, að það hafi verið föst venja, að gestir fengju ekki að vera á skyrturni í samkomuhúsinu, því að jafnan megí frekar búast við slagsmálum, ef menn fari úr jökkunum.

Stefnandi kveðst ekki hafa átt í átökum við aðra, áður en til átakanna kom við stefnda.

Lögreglumaður sá, sem var við löggæzlu ásamt stefnanda á umræddum dansleik, Sigurður Helgi Pálsson, hefur komið fyrir dóm á Húsavík 23. okt. 1963.

Vitnið kveðst hafa verið með stefnanda við löggæzlu á dansleik, sem haldinn var í samkomuhúsinu Hlöðufelli 8. júní 1963. Umsjónarmaður hússins, Jón Jóhannesson, kom þá til þeirra og bað þá að sjá um, að maður yrði látinn fara í jakka, en áður höfðu þeir orðið að hafa afskipti af manni þessum, vegna þess að hann gekk á borðum og stólum í samkomuhúsinu og hafði klifrað ofan af loftinu niður í danssalinn og stigið þá á borð og stóla. Maður þessi, segir vitnið, að heitið hafi Björn Halldórsson, stefndi í máli þessu.

Vitnið aðstoðaði stefnanda við að koma stefnda í jakkann, en hann sýndi mótpróa. Síðan sneru þeir frá. Er vitnið hafði gengið fjögur til fimm skref frá, varð það þess vart, að stefnandi var

ekki með því. Leit það þá við og sá stefnda grípa í öxl stefnanda og rífa af honum axlarsprotann.

Tók stefnandi þá manninn og bar hann fram í anddyrið, en vitnið hindraði, að fólk ryddist út úr danssalnum á eftir. Stefnandi setti stefnda síðan út úr húsinu. Strax eftir að stefnandi var búinn að láta stefnda út, sýndi hann vitninu, að hann hafði meiðzt í átökunum á litla fingri hægri handar. Sýndi hann vitninu fingurinn, sem lá máttlaus inn í lófann. Reyndi stefnandi að rétta fingurinn, en kenndi þá mjög til. Í þessu kom hjúrunarkona af sjúkrahúsinu þarna að. Sýndi stefnandi henni fingurinn. Hélt hún, að hann væri annað hvort úr liði eða brotinn og ráðlagði stefnanda að leita læknis strax um nóttina. Hjúrunarkona þessi hét Hjördís Jakobsdóttir.

Þegar stefnandi ætlaði að láta stefnda út úr danssalnum, greip stefndi í dyrakarminn til að koma í veg fyrir, að hann yrði látinn út. Urðu þar allmiklar stymingar, og hrasaði stefnandi þá á annað hnéð, en stefndi féll flatur á gólfið. Stefnandi hjálpaði honum svo á fætur og lét hann út.

Vitni þetta kom aftur fyrir dóm á Húsavík 31. marz 1965 og gaf þá ítarlegri lýsingu á atburðum. Vitnið endurtók þá fyrri frásögn sína af því, að það hefði séð stefnda grípa í axlarsprotu stefnanda og kippa í, svo að stefnandi hálf snerist við. Axlar-sprotinn rifnaði aðeins af í annan endann, þann endann, sem nær var hálsinum, að því er vitnið minnir. Við átökin, sem urðu milli stefnanda og stefnda, hafi stefnandi hrasað á hné, en stefndi lent á bakinu og olnboganum. Síðan tók stefnandi yfir háls stefnda og fram fyrir neðan brjóstkassann og bar hann þannig framan á sér fram að dyrunum. Þar spyrnti stefndi fótunum í dyrastafi, en við það hrasaði stefnandi aftur á bak, en vitnið, sem var rétt á eftir honum, tók af honum fallið.

Lét stefnandi þá stefnda niður og tók hann hreinu hálstaki og leiddi hann út, en í efri tröppunum hrösuðu þeir. Vitnið tekur fram, að þegar stefnandi var að klæða stefnda í jakkann, hafi hann haft orð á því, að það skipti ekki miklu máli, hvernig hann hagaði sér hér. Hér væri hann hvorki á Røðli né í öðru fínu samkomuhúsi í Reykjavík, heldur hundakofa norður á Húsavík. Stefnandi hafi þá sagt eitthvað á þá leið: „Þú vilt haga þér eftir því“. Vitnið kveðst hafa séð framan úr forstofunni, er stefndi kom niður á borðið, þegar hann var að koma úr baðstofunni og hafði farið yfir grindverkið milli baðstofu og salar. Það sá hann stíga af borðinu niður á stól og þaðan ofan á gólfið.

Vitnið var sérstaklega að því spurt, hvort því hefði verið kunnugt um, að stefnandi hafi verið ómeiddur á hendi, er umrædd samkoma hófst. Svaraði vitnið því játandi og benti til stöðugrar samvinnu þeirra og kynna af líðan hvors annars. Stefnandi hafi líka strax eftir átökin við stefnda sagt sér frá meiðslunum og sýnt sér afleysi fingursins. Þennan framburð hefur vitnið staðfest með eiði.

Jón Jóhannesson, umsjónarmaður samkomuhússins Hlöðufells, hefur komið fyrir dóm á Húsavík þann 23. október 1963.

Vitnið kveðst muna eftir því, að í júníbyrjun s. l. hafi það komið fyrir á dansleik í samkomuhúsinu, að háseti af m/s Báru frá Keflavík var með ósæmlegt framferði í samkomuhúsinu. Meðal annars klæddi maðurinn sig úr jakkanum og gekk um á skyrtunni. Vitnið kveðst hafa beðið manninn að fara í jakkann, en maðurinn bað hann þá að hjálpa sér í hann. Vitnið hugðist gera það og klæddi hann í aðra ermina, en þá rétti maðurinn handlegginn beint út í loftið, svo að ekki var hægt að klæða hann alveg í jakkann. Fór vitnið þá til Jóels Sigurðssonar lögregluþjóns og skýrði honum frá framferði mannsins og bað hann um að reyna að fá manninn til að fara í jakkann, en að öðrum kosti að fjarlægja hann af samkomunni.

Fór lögregluþjónninn þá til mannsins og reyndi að fá hann til að fara í jakkann með góðu, en það kom fyrir ekki. Maðurinn vildi ekki fara í jakkann, og varð að beita valdi til að koma honum í hann. Endaði viðureignin með því, að lögregluþjónninn lét manninn út úr húsinu, og sýndi maðurinn mikinn mótþróa og veitti fullkomna mótspyrnu.

Nokkru seinna sagði lögregluþjónninn vitninu frá því, að hann hefði meiðzt í þessum átökum. Hefði bilað í litla fingri hægri handar.

Þann 31. marz 1965 kom vitni þetta aftur fyrir dóm. Vitnið tók fram, að það hefði reynt að fylgja því eftir, að gestir hússins væru vel klæddir og því talið sér skylt að leita aðstoðar stefnanda, er stefndi vildi ekki sinna tilmælum þess um að fara í jakkann. Vitninu virtist að beita þyrfti valdi til þess að koma stefnda í jakkann. Annars var vitnið frammi í afgreiðslunni, meðan stefnandi átti við stefnda, og fylgdist því ekki nákvæmlega með því, sem á milli þeirra fór. Vitnið getur ekkert um það sagt, hvort stefndi þreif í öxl stefnanda og sleit axlarsprotann. Því er ekki heldur kunnugt um það, hver afskipti vitnið Sigurður Helgi Pálsson hafði af þessu máli.

Vitnið tók fram, að ekki væri um neinn misskilning að ræða varðandi það, af hverjum stefnandi átti að skipta sér eftir beiðni vitnisins. Það hafi beiðið stefnanda að fá stefnda til að fara í jakkann, en ekki beiðið hann að skipta sér af Pétri Olgeirssyni að þessu sinni.

Þennan framburð sinn hefur vitnið staðfest með eiði.

Stefndi í máli þessu hefur komið fyrir dóm og borið eftirfarandi:

Hann kveður það rétt, að hann hafi rennt sér niður úr baðstofunni og niður á borð í danssalnum og þaðan niður á stól eða stóla til þess að komast niður á dansgólfið. Hann kveðst enn fremur minnst þess, að hann hafi eitt sinn staðið upp úr sæti sínu og stigið upp á stól eða stóla til þess að komast út á dansgólfið. Kveðst hann hafa gert það vegna þess, hve þröngt var við borðið. Þá kveður hann það rétt, að hann hafi verið á skyrtunni. Hann hafi verið það í ca. 10 mínútur eða kortér, en þá setið kyrr við borðið. Hann kveðst hafa farið úr jakkanum sökum þess, hve heitt var inni og jakkinn þröngur um axlirnar. Hann viðurkennir, að rétt sé, að umsjónarmaður hússins hafi beiðið hann að fara í jakkann og ætlað að hjálpa honum við það, en hann hafi þá rétt út handlegginn. Umsjónarmaðurinn hafi þá horfið á brott, en stefnandi komið að borðinu.

Ekki kveðst stefndi muna, hvort nokkur orð fóru á milli hans og stefnanda né heldur muni hann, hvort þeir töluðust við síðar, en það geti þó vel verið. Hann segir, að stefnandi hafi hjálpað sér við að fara í jakkann og kveðst enga mótspyrnu hafa veitt gegn því og hvorki gert sig líklegan til að rétta út handlegginn né verið með neitt sprell, svo sem stefnandi heldur fram.

Þegar hann var kominn í jakkann, hafi stefnandi án nokkurs tilefnis af hans hálfu gripið hann hálstaki og fært hann í átt til dyranna. Hann neitar að hafa þrifið í öxl stefnanda og kveður sér hafa komið viðbrögð hans algerlega á óvart og þótt þau mjög ruddaleg. Hann kveðst hafa reiðzt þessum aðförum og einhverja mótspyrnu veitt, en litlu við komið. Ekki kveðst hann muna, hverjum brögðum stefnandi beitti hann á leiðinni út að öðru leyti en því, að hann hafi haft á honum hálstak, að minnsta kosti á leiðinni út dansgólfið, og minnst þess ekki, að stefnandi hafi lagt hann á gólfið. Þegar að útidyrnum kom, kveðst hann hafa streitst á móti.

Ekki kveðst hann hafa orðið var við að stefnandi meiddist í átökunum og ekki heyrt minnst á það fyrr en rúmri viku seinna.

Hann kveðst í umrætt skipti hafa verið talsvert undir áhrifum áfengis. Ekki kveðst hann hafa veitt því eftirtekt, að aðrir hafi verið á skyrtunni eða jakkalausir á samkomunni.

Vitnið Jóhann Dalberg Sigurðsson hefur komið fyrir dóm. Vitnið skýrði svo frá, að það hefði verið skipsfélagi stefnda, er atvik það, sem mál þetta fjallar um, gerðist. Vitnið kveðst hafa setið við sama borð og stefndi í samkomuhúsinu og verið áhorfandi að því, er hann var færður út. Það skýrir svo frá, að stefndi hafi verið undir áhrifum áfengis í umrætt sinn. Kveðst það hafa merkt það á framkomu hans. Hann hafi verið mjög kátur, en ella sé hann fremur fálátur. Þó sé ekki hægt að segja, að hann hafi verið drukkinn, t. d. hafi hann ekki slagað. Vitnið kveðst hafa séð stefnda stíga í eitt skipti upp á stóla við borðið. Muni hann hafa ætlað að stytta sér leið frá öðru borði að borði því, sem þeir sátu við. Vitnið segir stefnda hafa farið úr jakkanum við borðið, en það hafi hann ekki gert af neinum sérstökum ástæðum og engan veginn verið í neinum árásarhugleiðingum. Húsvörðurinn hafi þá komið til hans og beðið hann að fara í jakkann, en stefndi hafi þá skamma stund verið á skyrtunni. Húsvörðurinn hafi nú ætlað að færa stefnda í jakkann, en stefndi hafi þá, líklega í stríðnis-skyni, rétt út aðra höndina stífa. Húsvörðurinn hafi þá horfið á brott, án þess að til neinna átaka kæmi milli hans og stefnda. Síðan hafi það gerzt, að stefnandi hafi komið að borðinu. Ekki kveðst vitnið hafa þekkt stefnanda þá í sjón, en kveðst hafa þekkt hann síðar og segist vera visst um, að lögregluþjónn sá, sem að borðinu kom, hafi verið stefnandi.

Vitnið segir, að stefnandi hafi nú beðið stefnda að fara í jakkann. Hafi stefnandi hjálpað stefnda að fara í jakkann og stefndi engan mótþróa sýnt, t. d. kveðst vitnið ekki hafa orðið vart við, að stefndi rétti út höndina. Ekki veitti vitnið því eftirtekt, hvort nokkur orð fóru milli stefnda og stefnanda í þetta skipti.

Þegar stefnandi hjálpaði stefnda í jakkann, sneri hann baki að honum. Næst segir vitnið, að það hafi gerzt, að stefnandi hafi lagt hendur á stefnda, að því er vitninu virtist algerlega að óvörum. Vitnið kveðst hafa orðið mjög undrandi á þessari framkomu stefnanda og virzt hún tilefnislaus. Þegar þessi atvik gerðust, kveðst vitnið hafa fylgt vel með stefnanda og stefnda og telur, að athygli sín hafi ekki beinzt frá þeim, frá því að stefnandi hjálpaði stefnda í jakkann og þar til stefnandi lagði hendur á hann.

Stefnandi fór nú með stefnda út á dansgólfið og áleiðis til dyra. Ekki virtist vitninu hann streitast neitt á móti, en stefndi

hafi sagt sér, að hann hafi veitt mótspyrnu, er komið var að dyrum danssalarins. Eftir að stefnandi og stefndi voru komnir út á mitt dansgólfið, kveðst vitnið hafa misst sjónar af þeim og ekki fylgzt meira með viðureigninni. Ekki kveðst vitnið hafa veitt því athygli, hvort stefnandi meiddist í átökunum. Þegar þetta gerðist, kveðst vitnið telja sér óhætt að segja, að það hafi ekki verið undir áhrifum áfengis. Það segist halda, að það hafi verið búið að drekka eitt glas af léttblönduðu áfengi. Vitnið upplýsti, að það og stefndi hafi verið á sama báti, síðan þetta gerðist, þar til þeir fóru í land um mánaðamótin sept.—okt. 1964.

Ragnar Karlsson hefur komið fyrir dóm sem vitni. Vitnið kveðst vera kunningi bæði stefnanda og stefnda í máli þessu. Það segist m. a. hafa verið með stefnanda í íþróttum, en verið skipsfélagi stefnda frá 2. júní 1963 til 14. sept. sama ár. Vitnið kveðst hafa verið á dansleik þeim, er atvik þau gerðust, sem mál þetta er risið af. Þeir skipsfélagar hafi verið með þrjú borð í salnum, þar af tvö saman. Vitnið kveðst hafa verið að koma að borðunum, er það sá stefnanda grípa stefnda hálstaki. Hann hafi staðið fyrir aftan stefnda og brugðið vinstri handlegg fram fyrir háls honum og dregið hann þannig út úr salnum. Ekki kveðst vitnið geta borið um, hvað þeim stefnda og stefnanda fór á milli, áður en til átaka kom. Vitnið kveðst ekki hafa séð Sigurð Helga Pálsson lögregluþjón vera neins staðar nálægt þeim stefnanda og stefnda, er átökin byrjuðu, en síðar séð hann við útidyr, er hann aðstoðaði stefnanda við að koma stefnda út fyrir.

Vitnið segir, að umsjónarmaður hússins hafi staðið hjá stefnda og stefnanda, er átökin hófust, en telur, að umsjónarmaðurinn hafi síðar gengið lengra inn í salinn, líklega til að stilla þar mann að nafni Pétur Olgeirsson, sem hafi verið ölvaður og með óspektir allt kvöldið. Lögregluþjónarnir hafi fært mann þennan út og átt auðvelt með, því að hann hafi verið drukinn og litla mótspyrnu getað veitt. Þá segir vitnið, að algengt hafi verið, að menn færu úr jökkunum á samkomunni.

Ekki segist vitnið hafa orðið vart við, að stefnandi kveinkaði sér í átökunum, en vitnið kveðst hafa fylgzt með ferðum þeirra allt að útidyrnum. Vitnið segir, að stefnandi hafi ekki sleppt hálstaki á stefnda fyrr en á tröppum milli útidyra og danssalar, en þar hafi fyrst orðið einhverjar stympingar milli þeirra, en hinn lögregluþjónninn hafi þá komið og aðstoðað stefnanda við að færa stefnda út úr húsinu.

Vitnið kveðst ekki hafa veitt stefnanda neina sérstaka eftir-

tekt, eftir að framangreindum átökum lauk, en þó hafi það séð hann hafa afskipti af fleiri átökum, sem urðu í húsinu síðar um kvöldið.

María Þorgeirsdóttir hefur mætt sem vitni í málinu og borið eftirfarandi:

Vitnið kveðst vera málkunnugt bæði stefnanda og stefnda. Það kveðst hafa verið á umræddum dansleik og staðið á dansgólfinu ásamt fleira fólki skammt frá borði því, sem stefndi sat við. Það kveðst hafa veitt því eftirtekt, að húsvörðurinn var að færa stefnda í jakkann. Er hann var kominn í jakkann öðrum megin, hafi hann rétt út handlegginn stífan og húsvörðurinn þá hætt við að færa stefnda í jakkann og snúið frá. Stefnandi hafi síðan komið að borðinu og reynt að klæða stefnda í jakkann. Ekki kveðst vitnið hafa heyrt, hvort þeim stefnda og stefnanda hafi farið nokkuð á milli, enda hávaði í salnum. Vitnið kveðst hafa fylgzt vel með, þar sem það og fleira fólk var að horfa á viðskipti stefnda og stefnanda.

Vitnið telur, að stefnandi hafi verið búinn að færa stefnda í jakkann, er hann greip stefnda einhverjum tökum og tók að færa hann til dyra. Ekki kveðst vitnið hafa orðið vart við, að stefndi hafi þrifið til stefnanda, áður en þetta gerðist. Vitnið heldur, að stefnandi hafi ekki gengið neitt í átt frá stefnda, eftir að hann var búinn að færa hann í jakkann, heldur lagt hendur á hann í beinu framhaldi af því. Vitnið segir, að stefndi hafi eitthvað streitst á móti, en kveðst hafa misst sjónar af þeim, er stefnandi tók að færa stefnda til dyra, enda þvaga verið í salnum.

Þá segir vitnið, að hinn lögregluþjónninn hafi ekki verið við borðið, er stefnandi var að klæða stefnda í jakkann, en líklega komið, eftir að átökin byrjuðu.

Eins og atvikum hefur nú verið lýst, er með viðurkenningu stefnda, sem studd er framburði vitna í málinu, upplýst, að hann var undir áhrifum áfengis í samkomuhúsinu og renndi sér niður úr svokallaðri baðstofu og niður á borð í danssalnum og þaðan niður á stól eða stóla til þess að komast niður á dansgólfið. Þá steig hann einnig upp á stól eða stóla til þess að komast frá sæti sínu fram á dansgólfið. Auk þess fór hann úr jakkanum og var á skyrtunni. Hann hafði að engu bann húsvörðarins við því að vera þannig klæddur og kom í veg fyrir, að húsvörðurinn klæddi hann í jakkann.

Stefnanda, sem gegndi löggæzlustörfum á danssamkomunni, var því bæði rétt og skylt að leggja fyrir stefnda að gæta velsæmis

og hegða sér eftir settum reglum. Stefndi neitaði að fara í jakkann, nema stefnandi hjálpaði honum til þess. Til þess að forðast leiðindi gerði stefnandi það, en benti stefnda jafnframt á, að hann væri búinn að fyrirgera rétti sínum til þess að vera á skemmtuninni. Báðir lögreglumennirnir eru sammála um, að stefndi hafi sýnt móttþróa við að fara í jakkann.

Um það, sem næst gerist, er frásögn vitna ósamhljóða. Stefndi og lögregluþjónninn, sem með honum var, bera báðir, að er stefndi var kominn í jakkann og þeir snúnir frá honum, hafi hann gripið í öxl stefnanda og slitið annan axlarskúfinn af. Þessu hefur stefndi eindregið neitað, og vitni þau, sem leidd hafa verið, kveðast ekki hafa veitt þessu athygli.

Þegar þess er gætt, að lögreglumennirnir höfðu lokið afskiptum af stefnda og voru snúnir frá, verður að telja með miklum ólíkindum, að stefnandi hafi allt í einu og án gefins tilefnis lagt hendur á stefnda og tekið að færa hann út úr húsinu. Með framburði hans og eiðfestum framburði lögregluþjónsins, sem með honum var, verður að telja nægilega upplýst, að stefndi hafi þrifið í öxl stefnanda og þar með veitt tilefni til frekari afskipta.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið sagt, þykir framferði stefnda á dansleiknum hafa verið með þeim hætti, að stefnanda hafi verið bæði rétt og skylt að fjarlægja hann úr húsinu, enda hefur stefndi í sakadómi Reykjavíkur 17. febr. 1964 undirgengizt að greiða 500 króna sekt fyrir brot gegn 21. gr. sbr. 44. gr. áfengisлага. Þá verður ekki séð af skjölum málsins, að stefnandi hafi beitt hann meira harðræði en þörf var til að yfirbuga móttstöðu hans.

Kemur þá til athugunar, hvort stefnandi hafi hlotið þau meiðsli, sem frá er greint í máli þessu, í átökum sínum við stefnda.

Eins og áður greinir frá, kveðst stefnandi fyrst hafa fundið til þess, að hann væri meiddur, er hann fór með stefnda gegnum dyrnar á danssalnum. Vitnið Sigurður Helgi Pálsson lögregluþjónn hefur borið, að stefnandi hafi, strax að átökunum loknum, sýnt sér, að hann hafi meiðzt á litla fingri hægri handar. Sá hann fingurinn, sem lá máttlaus inn í lófann. Jón Jóhannesson, umsjónarmaður hússins, hefur borið, að nokkru eftir að átökunum lauk, hafi stefnandi sagt sér frá, að hann hefði meiðzt í átökunum við stefnda.

Þá hefur verið lagt fram vottorð Hjördísar Jakobsdóttur hjúkr-unarkonu. Staðfestir hún að hafa séð meiðsli stefnanda, strax að átökunum loknum, en man ekki, hvort fingurinn var brotinn eða úr liði.

Samkvæmt álitni hinna sérfróðu dómenda verða meiðsli, eins og hér um ræðir, með þeim hætti, að annað hvort slitni sinin sjálf rétt við festuna á fremstu kjúku eða beinlínis rifni af, þar sem sinin festist. Slík meiðsli hljótask af snöggu átaki, sem beygja mundi fingurinn, svo sem ef fingurinn rekst á eitthvað.

Nokkur sársauki fylgir meiðslum þeim, sem hér um ræðir, en þarf ekki að vera mikill. Réttning í fremsta lið verður strax lítt eða alls ekki möguleg. Höndin þarf ekki að vera ónýtt til átaka, einkum ef um litla fingur er að ræða, en ekki verður hún jafn fullkomin í notkun sem heil væri. Algengt er, að sjúklingur með þess konar meiðsli leiti ekki læknið fyrr en einum eða fleiri dögum eftir áfallið. Ekki telja hinir sérfróðu dómendur líklegt, að æfingar við spjótkast hafi smám saman lamað viðkomandi sin, svo að lítið hafi þurft til að koma, að hún slitnaði, heldur hafi þvert á móti æfing íþróttastyrkt sinafestið frekar en hitt. Þá telja þeir mjög ólíklegt, að sinin hafi verið slitin, áður en til átakanna kom.

Um það atriði, hvort hugsanlegt sé, að aðrar orsakir en átök stefnanda við stefnda geti legið til meiðsla hans, taka hinir sérfróðu dómendur fram, að einkenni meiðsla þeirra, sem hér um ræðir, komi samstundis í ljós, svo að sjúklingur geti alltaf sagt til um, hvenær sinaslit af þessu tagi eigi sér stað. Aðrar orsakir á sama tíma og viðkomandi átök áttu sér stað komi ekki til greina.

Með hliðsjón af framburði vitna og með vísan til álits hinna sérfróðu meðdómenda þykir nægilega sannað, að stefnandi hafi hlotið meiðsli þau, sem mál þetta fjallar um, í átökum við stefnda, er hann var að fjarlægja hann ölvaðan út úr samkomuhúsinu. Með þessu framferði sínu hefur stefndi bakað sér fébótaábyrgð gagnvart stefnanda.

Stefnandi hefur sundurliðað kröfur sínar þannig:

1. Atvinnutap vegna varanlegrar örorku	kr. 42.983.00
2. Bætur fyrir sársauka, óþægindi, miska, óhagræði og röskun á stöðu	— 35.000.00
3. Útlagt fyrir vottorð tryggingafræðings	— 1.250.00
4. Útlagt fyrir vottorð sama (endurreiknað)	— 1.200.00
5. Útlagt fyrir læknisvottorð	— 600.00
6. Ferðakostnaður og læknishjálp	— 5.000.00

Samtals kr. 86.033.00

Um lið 1:

Páll Sigurðsson tryggingalæknir hefur reiknað út örorku stefnanda. Þar segir svo:

„Ofanefndur maður kom til mín 12. nóv. 1963. Hann skýrði frá því, að hinn 8. júní s. l. hefði hann orðið fyrir meiðsli. Hann er starfandi lögregluþjónn á Húsavík og lenti þar í átökum þann dag. Við átökin þá slitnaði réttisin hægri litlafingurs. Hann var til meðferðar hjá Árna Björnssyni lækni og var í spelku í 3 mánuði, en sinin greri ekki. Þennan tíma, er hann var í umbúðum, gat hann aðeins stundað starf sitt að litlu leyti og var alveg frá starfi í $1\frac{1}{2}$ mánuð.

Skoðun: Almennt ástand er eðlilegt. Hraustlegur. Hægri hönd: Hægri litlifingur stendur í 45° beygju í yzta lið. Beygist þaðan eðlilega inn í lófann, en getur ekki réttzt aktivt, og passivt vantar 10° upp á fulla réttingu. Nokkur þroti er um yzta liðinn dorsalt og eymsli yfir liðnum.

Ályktun: Hér er um að ræða lögregluþjón, sem slasast í átökum og slitur réttisin hægri litlafingurs. Reynt var að fá sinina til að gróa með umbúðum, en tókst ekki, og stendur fingurinn í beygju, og eru allmikil eymsli í liðnum og óþægindi við átök.

Ekki er um að ræða aðgerð til að fá fingurinn jafngóðan aftur, en manninum hefur verið ráðlagt að láta gera aðgerð og gera liðinn stífan í hæfilegri beygju og fá þannig sterkan, sársaukalítinn fingur með varanlegri stíðnun í liðnum.

Fullyrða má, að maðurinn verði aldrei jafngóður í fingrinum, og má gera ráð fyrir, að varanleg örorka hans vegna slyssins 8. júní 1963 verði um 2%.

Á grundvelli þessa örorkumats hefur Þórir Bergsson tryggingafræðingur reiknað út örorkutjón stefnanda. Þar segir svo:

„Jóel Sigurðsson varð fyrir því slysi 8. júní 1963, að réttisin hægri litla fingurs slitnaði í átökunum, er hann lenti í vegna starfs síns. Páll Sigurðsson tryggingayfirlæknir hefur í örorkumati, dagsettu 16. nóv. 1963, metið varanlegan örorkumissi Jóels vegna þessara meiðsla 2%.

Læknirinn hefur ekki metið tímabundinn örorkumissi.

Jóel er sagður fæddur 5. nóvember 1924 og hefur því verið 38 ára á slysdegi.

Samkvæmt staðfestum afritum af skattframtölum árána 1962 og 1963 hafa vinnutekjur Jóels tvö síðustu heilu almanaksárin verið:

Árið 1961	kr. 82.498.00
— 1962	— 120.987.00

Ég hef umreiknað þessar tekjur til kauplags á slysdegi og síðan samkvæmt breytingu á kjörum lögregluþjóna.

Þannig áætlaðar framtíðarvinnutekjur eru sýndar í næstu töflu. Þar sést einnig áætlað vinnutekjutap, þar sem gert er ráð fyrir, að vinnutekjutapið sé 2% af áætluðum vinnutekjum.

	Áætlaðar vinnutekjur:	Áætlað vinnutekjutap:
1. árið eftir slysið	kr. 142.056.00	kr. 2.841.00
Síðan árlega	— 144.324.00	— 2.886.00

Verðmæti þannig áætlaðs vinnutekjutaps vegna varanlegrar örorku reiknast mér nema á slysdegi kr. 33.520.00.

Ekki hefur verið gerður frádráttur vegna opinberra gjalda.

Við útreikninginn hef ég notað 7% vexti p. a., dánarlíkur íslenzkra karla samkvæmt reynslu árána 1941—1950 og líkur fyrir missi starfsorku í lifanda lífi samkvæmt sænskri reynslu.“

Við munnlegan málflutning lagði lögmaður stefnanda fram nýja útreikninga frá sama tryggingafræðingi. Þar segir, að frá 3. janúar 1964 hafi orðið miklar hækkanir í launum og auk þess hafi verið reiknaðar út nýjar dánarlíkur, byggðar á reynslu árána 1951—1960. Með tilliti til þessa telst tryggingafræðingnum vinnutekjutap stefnanda á slysdegi vera kr. 42.983.00.

Það er álit hinna sérfróðu dómenda, sem skoðað hafa meiðsli stefnanda, að hann verði aldrei jafngóður í fingrinum.

Stefndi hefur mótmælt þessum lið sem of háum og bent á, að stefnandi sé ríkisstarfsmaður og haldi óskertum launum. Auk þess hafi frádráttur vegna opinberra gjalda ekki verið gerður.

Með tilliti til þess, sem að ofan hefur verið sagt, þykja bætur til stefnanda samkvæmt þessum lið hæfilega ákveðnar kr. 34.387.00.

Um lið 2:

Stefnandi heldur því fram, að hann hafi orðið fyrir margs háttar fjárhagslegu tjóni vegna meiðslanna. Hann hafi ekki getað unnið að húsbyggingu sinni á Húsavík í frístundum sínum, þar með töldu sumarfríi. Þá urðu meiðslin til þess, að hann gat ekki um tíma sinnt lögreglustörfum á Húsavík og hafði af því tekjumissi.

Þá geti hann ekki lengur sinnt eftirlætis íþrótt sinni, spjótkasti, en þar var hann methafi.

Ennþá sé fingurinn viðkvæmur og sérstaklega næmur fyrir kulda og auk þess þrútni hann upp við átök.

Stefndi hefur mótmælt þessum lið sem of háum. Þegar litið er til þess, sem hér hefur verið sagt, má fallast á, að stefnandi hafi orðið fyrir allverulegri röskun á stöðu og högum, og þykja bætur til hans samkvæmt þessum lið hæfilega ákveðnar kr. 25.000.00.

Liðum 3, 4 og 5 hefur ekki verið andmælt tölulega, og verða þeir því teknir til greina.

Um lið 6:

Stefndi hefur andmælt þessum lið sem órökstuddum, ósundurliðuðum og of háum.

Stefnandi hefur ekki lagt fram neina reikninga eða aðrar sannanir fyrir þessum lið, og verður hann því ekki tekinn til greina.

Niðurstaða málsins verður því sú, að dæma ber stefnda til að greiða stefnanda kr. 34.387.00 + 25.000.00 + 1.250.00 + 1.200.00 + 600.00, eða kr. 62.437.00, auk 7% ársvaxta frá 8. júní 1963 til 1. jan. 1965, 6% ársvaxta frá þeim tíma til 1. jan. 1966 og 7% ársvaxta frá þeim tíma til greiðsludags og kr. 10.900.00 í málskostnað.

Dóm þennan kváðu upp Kristján Jónsson borgardómari ásamt meðdómendum Hauki Kristjánssyni yfirlækni og Hannesi Finn-bogasynti deildarlækni.

Dómsorð:

Stefndi, Björn Halldórsson, greiði stefnanda, Jól Sigurðssyni, kr. 62.437.00 auk 7% ársvaxta frá 8. júní 1963 til 1. jan. 1965, 6% ársvaxta frá þeim tíma til 1. jan. 1966 og 7% ársvaxta frá þeim tíma til greiðsludags og kr. 10.900.00 í málskostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.
